



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði um leikskóla um aðgerðir fyrir dagforeldra

Á fundi borgarráðs, 7. september 2023, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Nú liggur fyrir að dagforeldrum fækkar. Hyggst skóla- og frístundasvið gera betur við dagforeldrastéttina til að freista þess að halda stéttinni við? Dagforeldrar hafa mátt þola ýmislegt að hálfu borgarinnar síðustu ár. Þegar haldið var að verkefnið Brúum bilið væri að raungerast og börn að komast inn á ungbarnaleikskóla var dagforeldra stéttinni nánast útrýmt. Fulltrúi Flokks fólksins telur að dagforeldrar hafi ofboðið framkoma síðasta meirihluta. Aðeins einn hefur sótt um rekstrarleyfi sem dagforeldri í Reykjavík þrátt fyrir áttak borgarinnar og heldur dagforeldrum áfram að fækka. Gera þarf betur fyrir þessa stétt. Árið 2022 var ákveðið að hækkun kæmi á niðurgreiðslu til dagforeldra vegna barna hjá dagforeldrum. Hækkunin er óveruleg, 3220 kr. en hækkunin er hjá giftum/sambúðarfólki með vistun í 8,5 tíma. Í raun var þetta nánasarleg hækkun og eins og margir hafa orðað það, „dugði hún ekki fyrir einni pizzu“. Fulltrúi Flokks fólksins taldi, miðað við umræðu í ágúst og september í fyrra að meiri hækkun myndi koma, einhver krónutala sem skipti sköpum í lífi fjölskyldna sem þarfnast sárlega þjónustu dagforeldra.

Svar:

Unnið er að gerð tillagna að breytingum á reglum um niðurgreiðslu vegna barna hjá dagforeldrum, breytingum á reglum um stofnstyrki vegna daggæslu og gerð nýs þjónustusamnings. Um er að ræða umfangsmiklar breytingar á núgildandi fyrirkomulagi.

Hluti af breytingunum voru meðal annars hækkun á niðurgreiðslu vegna 18 mánaða barna og eldri, lægra foreldragjaldi vegna 18 mánaða barna og eldri ásamt hærri stofn- og aðstöðustyrkjum til dagforeldra. Þjónustusamningurinn er ekki orðinn virkur og ekki komin til hækkun á niðurgreiðslum eða greiðslur á stofn- og/eða aðstöðustyrk til dagforeldra. Gert er ráð fyrir að tillögur að breytingum liggi fyrir á næstu vikum og verði afgreiddar fyrir lok árs.

Mikilvægt er að reynsla sé komin á nýjan þjónustusamning og hvort þessar tillögur hafi áhrif á fjölgun dagforeldra þegar þær hafa tekið gildi áður en lengra er haldið.